

Mánudaginn 6. nóvember 1995.

Nr. 361/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Michael Paul Rimmer

(Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. nóvember sl., þar sem varnaraðila er bönnuð brottför úr landi allt til dómsuppsögu í máli ákærvaldsins á hendur honum, en þó ekki lengur en til föstudagsins 1. desember 1995 kl. 22.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómi Hæstaréttar 23. október 1995 í málinu nr. 348/1995 var varnaraðila gert að sæta farbanni allt til miðvikudagsins 1. nóvember sl. vegna rannsóknar á ætluðu broti á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Hinn 1. nóvember 1995 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðila, og var honum í kjölfarið gert að sæta áframhaldandi farbanni með hinni kærðu ákvörðun.

Fallast má á það með sóknaraðila, að tryggja verði nærveru varnaraðila, svo að kostur gefist á að reka málið fyrir dómi, enda verður ekki annað séð en að sá tími, sem tiltekinn er í hinni kærðu ákvörðun, sé nægur til að ljúka málinu fyrir héraðsdómi. Verður hin kærða ákvörðun því staðfest.

2536

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.
